

Stjórnarfundur Fjallskiladeildar Hrótfirðinga að austan, haldinn á Þóroddsstöðum 14. ágúst 2013.

1. Farið var í gróðurskoðunarferð fram að heiðargirðingu þann 13. júní sl. Anna Margrét Jónsdóttir, Matthildur Hjálmarsdóttir og Jóhann Böðvarsson fóru í þá ferð. Ástand gróðurs var gott og upprekstur sauðfjár leyfður 18. júní og hrossa 25. júní.

2. Gengið frá fjallskilaseðli.

Fyrsta leit fari fram fimmtudaginn 5. og föstudaginn 6. september og réttað verði í Hrutatungurétt laugardaginn 7. september kl. 9.00.

Seinni leit verði laugardaginn 14. september nema veður hamli.

Fyrri heimalandasmölun verði laugardaginn 28. september og skilarétt sunnudaginn 29. september kl. 10.00.

Seinni heimalandasmölun verði laugardaginn 19. október.

Ákveðið að hækka mat á fjallskilaskyldri vinnu um 3,5%

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Jóhann Böðvarsson (sign)

Ásgeir Sverrisson (sign)

Matthildur Hjálmarsdóttir (sign)